



Breyttar mætingarreglur

17. ágúst 2026



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
SCHOLA AKUREYRENSIS



Skráning mætingar

Var

Skráning fjarvista

Í upphafi hverrar kennslustundar hefur kennari nafnakall og skráir viðveru. Ef nemandi mætir eftir að nafnakall er tekið fær viðkomandi hálf t.fjarvistastig og heilt ef hann kemur eftir að 15 mínútur eru liðnar af tímanum.

Kennara er heimilt að gefa nemenda fjarvist að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði eða fyrir aðra óæskilega hegðun og þáttökuleysi.


Verður

Skráning mætingar

- Kennari merkir við í Innu í upphafi kennslustundar. Komi nemandi eftir að nafnakalli er lokið, telst hann koma of seint og fær hálf t.fjarvistastig.
- Nemandi telst fjarverandi ef hann kemur meira en 15 mínútum eftir upphaf kennslustundar.
- Ef nemandi yfirgefur kennslustundina án leyfis kennara fær hann fjarvist.
- Kennara er heimilt að gefa nemenda fjarvist að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði eða fyrir aðra óæskilega hegðun og þáttökuleysi.

Mæting nemenda er skráð í Innu og er aðgengileg nemendum og forráðamönnum ólögráða barna.

Mæting í vinnustundir er skráð í Námu og færð yfir í Innu í lok hverrar viku.



Svigrúm vegna fjarvista

Var

Leyfi frá skóla

Almennt skal sækja um leyfi úr skóla í gegnum Innu:

- Forsjáraðilar sækja um leyfi fyrir nemendur yngri en 18 ára.
- Nemendur 18 ára og eldri geta sótt um leyfi.
- Þegar sótt er um leyfi þarf **alltaf** að tilgreina ástæðu.

Athugið að alla jafna eru ekki veitt leyfi í tengslum við atvinnu nemenda, tómstundir og frístunda- eða fjölskylduferðir enda ætti það að rúmast innan þess svigrúms sem skólinn gefur (90% mætingarskylda).

Fjarvera er á ábyrgð nemenda og ekki er hægt að ætlast til hliðrunar á námsmati eða verkefnaskilum vegna hennar. Nemandi skal upplýsa kennara tímanlega um væntanlegt leyfi.

- Gert er ráð fyrir að nemendur sinni persónulegum erindum sínum utan skólatíma. Leyfi eru samþykkt vegna nauðsynlegrar fjarveru sem ekki rúmast utan skólatíma s.s. nám í ökuskóla, læknisheimsókna og sjúkrabjálfun.

Verður

Svigrúm vegna fjarvista

Svigrúm vegna fjarvista miðast við **80% mætingu á önninni** eða sem samsvarar þremur vikum í hverjum fimm eininga áfanga. Ef nemandi er fjarverandi meira en 20% í áfanga jafngildir það úrsögn úr áfanganum. **Innan þessa svigrúms falla veikindi, læknisheimsóknir og aðrar tilfallandi fjarvistir.**

Veikindi teljast sem fjarvistir en undir ákveðnum kringumstæðum er hægt að taka tillit til þeirra. Nemendur bera ábyrgð á að koma skýringum á fjarvistum til skólans. Þær þarf að tilkynna samdægurs í gegnum Innu. Forráðafólk tilkynnir forföll nemenda undir sjálfræðisaldri í gegnum Innu.

Fjarvera er á ábyrgð nemenda og forráðafólks og ekki er hægt að ætlast til hliðrunar á námsmati eða verkefnaskilum vegna hennar.



Undanþágur

Var

Undir „Leyfi frá skóla“

- Afreksfólk, t.d. íþróttum, tónlist o.fl., getur sótt um leyfi frá skólasókn. Leyfi vegna keppnisferða eða ferða á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara/sérsambandi liggur fyrir.

Undir „Veikindi“

Nemendur, sem eiga við langvinn veikindi að stríða eða búa við aðstæður sem geta haft áhrif á skólasókn þeirra, skuli hafa samband náms- og starfsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara. Hægt er að sækja um það að í slíkum tilvikum sé skólasóknar ekki getið á námsferli.


Verður

Undanþágur

Keppnisfólk, t.d. í íþróttum, tónlist o.fl., getur sótt um leyfi frá skólasókn. Leyfi vegna keppnisferða eða ferða á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara/sérsambandi liggur fyrir.

Nemendur, sem eiga við langvinn veikindi að stríða eða búa við aðstæður sem geta haft áhrif á skólasókn þeirra, skulu hafa samband við náms- og starfsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara. Hægt er að gera undanþágur frá lágmarksmætingu svo fremi sem nemandi sinni námi eftir getu. Skólinn getur farið fram á að vottorði sé skilað.

Hægt er að sækja um leyfi til skólameistara eða aðstoðarskólameistara vegna undirbúnings viðburða á vegum skólafélagsins Hugins.



Viðurlög

Var


Brot á reglum um skólasókn

Nemendur geta fylgst með skólasókn sinni í Innu. Á fimm til sex vikna fresti er mætingayfirlit tekið og nemendum undir lágmarksmætingu send viðvörðun eða áminning. Ef mæting nemanda er komin undir 90% telst hann vera kominn undir lágmarksmætingu.

Verður

Meðferð og úrlausn mála, viðurlög

Yfirlit um ástundun eru send reglulega til nemanda í tölvupósti. Forráðafólk nemenda yngri en 18 ára fær afrit af tölvupóstum. Yfirlitið gildir sem áminning til nemenda ef viðvera í einstökum áföngum uppfyllir ekki lágmarkskröfu um skólasókn samkvæmt skráningu í Innu.



Viðurlög – frh.

Var

Heimilt er að vísa nemanda tímabundið **úr skóla**, bæti hann ekki ráð sitt en megináherslan er lögð á að fá nemendur til að bæta mætingu sína og halda áfram í skólanum. Fjarvistauppgjör eru tekin u.þ.b. þrisvar á önn og nemanda og forráðafólki sendar upplýsingar um stöðu nemandans ef hann er undir viðmiðunarmörkum. Námsráðgjafar, stjórnendur eða umsjónarkennarar ræða við nemendur í kjölfarið.

Verður

Nemandi **er** skráður **úr áfanga** ef fjarvistir fara yfir hámark leyfilegra fjarvista. Nemandi fær senda tilkynningu þess efnis í tölvupósti þar sem fram kemur að hann hafi þrjá virka daga til að andmæla úrsögninni. Andmælum skal skilað skriflega með tölvupósti til aðstoðarskólameistara eða brautarstjóra.



Viðurlög – frh.

Var

Ef nemandi er meira en eina önn undir viðmiðunarmörkum án skýringa getur það leitt til þess að hann verði ekki innritaður næstu önn.

Verður

Nýti nemandi sér andmælarétt skal hann mæta í alla tíma á meðan á andmælaferlinu stendur. Ef fullnægjandi skýringar liggja fyrir getur nemandinn fengið heimild til áframhaldandi setu í áfanganum með ströngum skilyrðum um mætingar til loka annar. Skólastjórnendur, í samráði við kennara og stoðteymi, taka endanlega ákvörðun um brottvikningu úr áfanga að teknu tilliti til aðstæðna og ástundar í áfanganum. Nemandi (og forráðafólk ef við á) fær niðurstöðu senda í tölvupósti.

